

A 1868/tillvæxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um norræna áætlun um háhraðajárnbrautir****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni forsendur fyrir samnorrænni áætlun um háhraðajárnbrautir út frá fjárhagslegum hagnaði og loftslagsávinningi sem betur þróað og samþætt háhraðajárnbrautanet hefði í för með sér.

Bakgrunnur

Evrópusambandið helgar árið 2021 járnbrautasamgöngum. Markmiðið er að vekja athygli á því að járnbrautasamgöngur eru tilvalin leið til að ná markmiðum Græna sáttmála ESB og að ESB-löndin verði loftslagslutlaus fyrir 2050. Bent verður á að járnbrautasamgöngur eru sjálfbærar, nýskapandi og öruggar og geta sinnt mikilvægu samfélagshlutverki þegar óvæntar krísur skella á eins og við höfum orðið vitni að í heimsfaraldrinum.

Víða um Evrópu er unnið að gerð áætlana um háhraðasamgöngur. Sem dæmi má nefna verkefnið Rail Baltica milli Tallinn og Varsjár sem hófst í fyrra. ESB fjármagnar verkefnið en samkvæmt rannsókn sem Ernst & Young gerði mun verkefnið skila álfunni félagslegum og hagrænum hagnaði sem nemur 16,2 milljörðum evra.

Á Norðurlöndum er einnig mikil þörf og sóknarfæri fyrir bætтар járnbrauta-samgöngur. Æ fleiri íbúar kjósa aðra valmöguleika en flug, og atvinnulífið óskar eftir betri og stöðugri vöruflutningum milli landanna.

Ýmsir aðilar eru farnir að taka við sér. Til að myndi lögðu landamæranefndirnar tólf á Norðurlöndum fram ýmsar tillögur á árinu 2020 um samgönguleiðir milli Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Rússlands. Stórborganetið STRING kannar einnig ásamt Efnahags- og framfarastofnuninni OECD forsendur fyrir því að skapa stórt og öflugt svæði sem myndi ná frá Ósló til Hamborgar og byggjast á yrðu samhangandi háhraðajárnbrautum. En hugmyndir sem þessar krefjast sennilega þess að norrænu samgönguráðherrarnir standi saman eigi þetta að takast í náinni framtíð.



Norðurlandaráð hefur lagt til að stofnuð verði norræn ráðherranefnd um samgöngumál. Flokkahópur miðjumanna telur að norræn könnun á forsendum fyrir háhraðajárnbrautum gæti verið góð byrjun á nánara samstarfi og skref í áttina að samnorrænni samgönguáætlun.

Flokkahópur miðjumanna leggur því til að Norðurlandaráð fari fram á að gerð verði heildræn könnun á forsendum fyrir háhraðajárnbrautum á Norðurlöndum. Hópurinn óskar eftir því að skoðaður verði loftslagsávinningur en einnig hagrænn ávinningur af betur þróðu háhraðajárnbrautaneti.

Á þann hátt sendir ráðið skýr skilaboð um tækifæri og þörf fyrir betra og hraðara járnbrautanet sem með tíð og tíma mun bjóða íbúum Norðurlanda upp á grænni samgöngur og efla atvinnulífið.

Fjarfundur 25. janúar 2021

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Bertel Haarder (V)
Erling Bonnesen (V)
Heidi Greni (Sp)
Janine Alm Ericsson (MP)
Jaspur Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)
Jouni Ovaska (cent)
Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Ole André Myhrvold (Sp)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Simon Holmström (HI)
Torhild Bransdal (KrF)